

# Fjölskylduvernd 3

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 204 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almenum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskríteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Fjölskylduvernd 3 er samsett trygging fyrir innbúið og fjölskylduna þína sem innifelur innbústryggingu, ábyrgðartryggingu, innbúskaskó, tryggingu á tómstundamunum, slysatryggingu í frítíma, tryggingu fyrir sjúkrahúslegu, greiðslukortatryggingu, réttaraðstoðartryggingu dánartryggingu gæludýra og áfallahjálp. Ferðavernd er valkvæð trygging í Fjölskylduvernd 3.



### Hvað er tryggt?

#### Innbústrygging bætir tjón á innbúi:

- ✓ Vegna bruna.
- ✓ Vegna vatns sem streymir úr leiðslum hússins.
- ✓ Vegna innbrots, ráns eða þjófnaðar
- ✓ Ef matvæli í kæli- og frystiskápum skemmast vegna bilunar eða rafmagnsleysis.

#### Ábyrgðartrygging bætir kostnað:

- ✓ Vegna skaðabótaskyldu sem getur fallið á þig samkvæmt lögum.
- ✓ Sem þú þarft að greiða vegna tjóns sem börn þín yngri en 10 ára valda þó svo að þau teljist ekki skaðabótaskyld vegna aldurs.

#### Innbúskaskó bætir tjón á innbúi:

- ✓ Vegna skyndilegra, utanaðkomandi orsaka.

#### Váttrygging á munum til tómstundaiðkana bætir:

- ✓ Tjón vegna innbrota og skemmdarverka.
- ✓ Tjón vegna skyndilegra, utanaðkomandi orsaka.

#### Slysatrygging í frítíma greiðir bætur vegna:

- ✓ Slysa sem verða í frítíma þínum.
- ✓ Slysa sem verða við keppni í íþróttum þar sem almenningi gefst kostur á þátttöku án kröfu um lágmarksgetu og færni.

#### Trygging fyrir sjúkrahúslegu greiðir bætur:

- ✓ Ef einhver af þeim sem fellur undir trygginguna þarf að dveljast á sjúkrahúsi í meira en fimm daga samfelld vegna sjúkdóms eða slyss.



### Hvað er ekki tryggt?

#### Innbústrygging bætir ekki tjón vegna:

- × Bruna á því sem tilheyrir sjálfri fasteigninni til dæmis tjón á gólfefnum, innréttingum og hurðum.
- × Þjófnaðar úr íbúð sem skilin hefur verið eftir ólæst og mannlau.
- × Vatns sem þrýstist upp úr skólpleiðslum nema það verði rakið til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

#### Ábyrgðartrygging bætir ekki kostnað:

- × Vegna skaðabótaskyldu sem myndast við atvinnu þína.
- × Vegna tjóna á hlutum sem þú hefur á leigu eða að láni.

#### Innbúskaskó bætir ekki:

- × Framleiðslu- og útlitsgalla.

#### Váttrygging á munum vegna tómstundaiðkana bætir ekki:

- × Þjófnað úr ólæstu geymsluhúsnæði.
- × Framleiðslu- og útlitsgalla.

#### Slysatrygging í frítíma greiðir ekki bætur vegna:

- × Slysa sem verða við fjallaklifur eða köfun.
- × Slysa sem verða í vinnu eða á beinni leið á milli vinnustaðar og heimilis.

#### Trygging fyrir sjúkrahúslegu greiðir bætur vegna:

- × Sjúkrahúslegu vegna meðfæddra sjúkdóma og geðsjúkdóma.

#### Greiðslukortatrygging greiðir bætur:

- ✓ Ef greiðslukort tapast og það er misnotað með sviksamlegum hætti af óviðkomandi aðila.

#### Réttaraðstoðartrygging greiðir málskostnað:

- ✓ Vegna ágreinings í einkamáli sem rekið er fyrir almennum dómstólum á Íslandi.

#### Dánartrygging gæludýra greiðir bætur ef:

- ✓ Gæludýr deyr af völdum sjúkdóms eða meiðsla.

#### Áfallahjálpi greiðir kostnað við:

- ✓ Sérfræðipjónustu ef einhver af hinum tryggðu leitar sér eftir sálrænt áfall í kjölfar atburðar sem bótaskyldur úr Fjölskylduvernd 3.

#### Ferðavernd (valkvæð trygging) bætir:

- ✓ Sjúkrakostnað sem fellur til erlendis vegna sjúkdóms eða slyss, til dæmis kostnað við læknishjálpi og sjúkrahúsvist.
- ✓ Tjón á farangri.
- ✓ Kostnað sem fellur til ef váttryggður kemst ekki í fyrirhugaða ferð vegna veikinda eða slysa.

#### Greiðslukortatrygging bætir ekki:

- × Tjón sem verða þegar ekki er farið að reglum kortafyrirtækis, til dæmis ef PIN númer hefur verið geymt með kortinu.

#### Réttaraðstoðartrygging greiðir ekki málskostnað:

- × Vegna sakamála
- × Vegna hjónaskilnaða, sambúðarslita og ágreinings um forræði barna og/eða umgengnisrétt.
- × Vegna mála sem varða váttryggðan sem eiganda og stjórnanda vélknúins ökutækis.

#### Dánartrygging gæludýra bætir ekki:

- × Dauða dýra sem ekki er löglegt að halda á Íslandi, t.d. eðla eða snáka.
- × Tjón vegna dýra sem eru orðin átta ára.

#### Áfallahjálpi bætir ekki:

- × Kostnað við sérfræðistuðning ef einhver af þeim sem falla undir trygginguna er ábyrgur fyrir tjóninu.

#### Ferðavernd bætir ekki:

- × Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma eða slysa, sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við áður en farið var í ferð til útlanda.
- × Tjón á farangri vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- × Forföll vegna veikinda sem váttryggður var haldinn og í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.



#### Eru einhverjar sérstakar takmarkanir á tryggingunni?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða tjón sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun eða viðlíka atburðum.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Innbústrygging gildir á heimili þínu, sem skráð er á váttryggingaskírteinið.
- Ábyrgðatrygging gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjú mánuði.
- Slysatrygging í frítíma og Trygging vegna sjúkrahúslegu gilda hvar sem er í heiminum.
- Greiðslukortatrygging gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis.
- Réttaraðstoðartrygging gildir á Norðurlöndunum og á ferðalögum utan Norðurlandanna þegar ágreiningurinn varðar váttryggðan sem ferðamann.
- Váttrygging á munum til tómstundaiðkana og Dánartrygging gæludýra gilda á Íslandi.
- Ferðatrygging gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar og aftur til Íslands.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað séu tryggilega læst og lykilar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.



### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



### Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.